

Aðalskipulag Norðurlings 2009-2029

Áfangaskýrsla 2.3

Fjölbreytt landslag í sveitum

Drög til kynningar á vef Norðurlings

Febrúar 2009

ATA



Efnisyfirlit

1	Inngangur	1
1.1	Upplegg til umræðu í nefndum og sveitarstjórn	1
1.2	Næstu skref	2
2	Landslag í Norðurþingi	3
2.1	Flokkun landslags með tilliti til náttúru og mannvistar	4
2.1.1	Flokkun náttúru­lands­lags	4
2.1.2	Flokkun menningar­lands­lags	6
2.1.3	Sérstök samsetning landslagseininga	7
2.1.4	Margskonar umhverfi og upplifanir	7
2.2	Verndun	10
2.2.1	Svæði undir 37. grein náttúruverndarlaga	10
2.2.2	Svæði með verndargildi vegna bindingar gróðurhúsalofttegunda	10
2.2.3	Svæði með líffræðilegan fjölbreytileika	10
2.2.4	Sérstakt á heimsvísu	11
2.2.5	Sérstakt á landsvísu	12
2.2.6	Sérstakt á svæðisvísu	13
2.3	Skógrækt með tilliti til landslags og náttúru	14
2.4	Landgræðsla m.t.t. landslags og náttúrufars	15
2.5	Frístundabyggð	16

1 Inngangur



1.1 Upplegg til umræðu í nefndum og sveitarstjórn

Í yfirstandandi aðalskipulagsgerð fyrir Norðurþing hafa verið settir fram 15 leiðarvísar fyrir viðfangsefni aðalskipulagsins sem eru flokkaðir undir þrjú meginmarkmið (sbr. áfangaskýrslu 1). Meginmarkmiðin varða I. Atvinnulíf og grunngerð, II. Fræðslu-, menningar- og velferðarmál og III. Umhverfismótun og auðlindanýtingu:

I. Góð afkoma og örugg grunngerð

- I.1 Nýr hornsteinn
- I.2 Þingeysk matvælaframleiðsla
- I.3 Framsækin ferðaþjónusta
- I.4 Vaxandi sérþekking
- I.5 Öruggar samgöngur
- I.6 Góð þjónustukerfi

II. Fjölbreyttur lífsstíll og sameiginleg velferð

- II.1 Skapandi skólastarfsemi
- II.2 Fyrirmyndar tómstundaaðstaða
- II.3 Litríkt menningarlíf
- II.4 Traust velferðarþjónusta
- II.5 Vönduð stjórnsýsla

III. Auðugt umhverfi og sterk ímynd

- III.1 Heilbrigð vistkerfi
- III.2 Sjálfbær auðlindanýting
- III.3 Fjölbreytt landslag í sveitum
- III.4 Vandað skipulag og sterk bæjarmynd í þéttbýli

Eftirfarandi áfangaskýrsla er fjallað um viðfangsefnið eða leiðarvísinn „Fjölbreytt landslag í sveitum“. Í skýrslunni er gerð grein fyrir náttúrufari, menningarminjum og landslagi í Norðurþingi og henni ætlað að vera grunnur að stefnumörkun um landnotkun og mannvirkjagerð í dreifbýli Norðurþings en í aðalskipulagi þarf að marka stefnu um nýtingu og verndun svæða, svo sem m.t.t. hefðbundinna nytja, göngu- og reiðleiða, vega, slóða og bílastæða, frístundabyggðar, þjónustustaða, skógræktar, landgræðslu og almennrar umgengni.

Við þá greiningu á náttúrufari og landslagi sem birt er í skýrslunni var m.a. leitað upplýsinga hjá heimamönnum en opin íbúafundur var haldinn í Skúlagarði í apríl á síðasta ári. Greiningin hefur einnig verið rýnd af náttúrufræðingum á svæðinu og verið til umfjöllunar í skipulags- og byggingarnefnd Norðurþings.


Tilgangur áfangaskýrslunnar er því að vera upplegg að umræðu um:

- Hvort greiningin lýsir einkennum landslags í Norðurþingi og mögulegum upplifunum sem landslagið býður upp á, á viðeigandi og tæmandi hátt.
- Hvort tilgreind eru öll þau svæði sem teljast sérstök á heims-, lands- og svæðisvísu, falla undir 37. gr. laga um náttúruvernd eða hafa verndargildi af öðrum ástæðum.
- Hvaða svæði á að afmarka sem verndarsvæði.
- Hverjar áherslur varðandi umgengni, mannvirkjagerð og landnotkun skuli vera á afmörkuðum verndarsvæðum og mismunandi landslagsheildum, einkum hvað varðar skógrækt, landgræðslu og frístundabyggð.

1.2 Næstu skref

Efni þessarar skýrslu verður til umfjöllunar á opnum íbúafundi í Skúlagarði 21. febrúar nk. sem Norðurþing heldur í samvinnu við Vatnajökulsþjóðgarð. Þar verður fjallað um tækifæri sem felast í náttúru og landslagi sveitarfélagsins austan Tjörnness og áherslur varðandi nýtingu og verndun. Í kjölfar fundarins verða tillögur að stefnu um landnotkun og mannvirkjagerð og áherslur fyrir einstök svæði þróaðar áfram.

Íbúar og aðrir hagsmunaaðilar geta sent inn athugasemdir og ábendingar varðandi efni skýrslunnar til Matthildar Kr. Elmarsdóttir, Alta, Ármúla 32, 108 Reykjavík eða til matthildur@alta.is fyrir miðjan mars 2009.



Uppbygging aðalskipulags Norðurþings


2 Landslag í Norðurþingi

Í aðalskipulagsvinnunni var ákveðið að flokka land í landgerðir sem myndu lýsa eiginleikum landsins á þann hátt að mögulegt væri að nota flokkunina til að lýsa:

- Hvað einkennir landslags í Norðurþingi.
- Hvaða upplifanir landslagið býður uppá.
- Hvað er sérstakt eða einstakt við landslag í Norðurþingi.
- Hvaða land fellur undir 37. grein laga um náttúruvernd um sérstaka vernd.
- Hvaða svæði eru verðmæt sem búsvæði, vegna líffræðilegs fjölbreytileika eða vegna bindingar gróðurhúsalofttegunda.
- Hvaða svæði eru verðmæt á svæðisvísu, landsvísu eða heimsvísu.

Þessari flokkun er síðan ætlað að auðvelda ákvarðanir um hvernig haga skuli landnýtingu, mannvirkjagerð og umgengi á mismunandi landgerðum og mögulegum verndarsvæðum.

Landslag í Norðurþingi einkennist af mikilli fjölbreytni, bæði hvað varðar hæðarlegu, jarðfræði og lífríki. Ópið land með víðum sjóndeildarhring er algengt í sveitarfélaginu eins og víða utan blágrýtisbeltisins en jafnvel þó mikið sé af tiltölulega flötu landi í Norðurþingi er ásýnd þessara svæða mjög ólík. Einnig er að finna svæði sem eru með fjölbreytni í hæð, þar sem lífríki er yfirleitt fjölbreyttara en á stórum samfelldum opnum svæðum.



2.1 Flokkun landslags með tilliti til náttúru og mannvistar

Landslag er flókið samhengi margra þátta, ýmist jarðfræðilegra, líffræðilegra eða menningararfslegra. Dæmi um þessa þætti er: Hæðarmunur, berggrunnur, jarðvegur, gróðurfar, byggðarmynstur, ræktun og fornminjar. Til að skipuleggja landnýtingu þannig að hún falli sem best að þessum þáttum er nauðsynlegt að hafa einhverskonar yfirlit um grunnþætti allra þessara þátta sem saman mynda landslag. Það fæst með því að flokka landið niður í aðskildar einingar sem eru lýsandi fyrir það svæði sem unnið er með, í þessu tilfelli Norðurþing.

2.1.1 Flokkun náttúru-landslags

Við flokkun á landslagi í Norðurþingi var útbúin flokkun (yfirflokkar) sem að mestu leiti byggðist á hæðarmismun lands og sagði til um hversu mishæðótt land er eða hvar það er staðsett með tilliti til hæðar eða fjarlægðar frá sjó. Þó eru einnig flokkar sem byggja á myndunarferli, en það á einkum við um jarðminjar svo sem hraun og gíga.

Yfirflokkarnir eru eftirfarandi:

- | | |
|--------------|--------------|
| - Ölduland | - Stallaland |
| - Ásaland | - Giljaland |
| - Auraland | - Strönd |
| - Dalaland | - Hraun |
| - Heiðarland | - Gígar |
| - Fjallendi | - Gervigígar |
| - Háslétta | |


Ölduland. Tiltölulega flatt land, hæðarmunur almennt ekki meira en 10 metrar á hverjum hektara, landformið almennt öldulaga, getur verið aflíðandi.

Ásaland. Hæðarmunur getur numið tugum metra á hvern hektara, þar sem hæðarmunur er þetta mikill er oft talsvert rof í þessari landslagsgerð.

Auraland. Flatlendi myndað af framburði vatnsfalla.

Dalaland. Jökulsorfnir dalir.

Heiðarland. Almennt nokkuð flatlent land sem rís með litlum halla inn til landsins



Yfirflokkar landslags

Fjallendi. Fjallgarðar stök fjöll og fell sem standa upp yfir umhverfið, viðmiðunarmörk um það bil 100 metrar yfir umhverfi.

Háslétta. Tiltölulega flatt land, getur verið með einstökum ásum. Liggur í að minnsta kosti 200m hæð yfir sjávarmáli.

Stallaland. Land þar sem berglög mynda stalla með sléttlendi á milli stallanna

Giljaland. Farvegir, gamlir eða nýir með klettaveggjum eða mjög miklum bratta niður að vatnsfalli eða fyrrum vatnsfalli.

Hraun. Hraun runnin eftir að ísöld lauk þar sem útlínur hraunanna eru nokkuð vel afmarkaðar.

Strönd. Öll strandsvæði, breidd þeirra getur verið mismunandi, oftast eru flatlandari svæði breiðari en þar sem halli er meiri að ströndinni..


Gígar og Gervigígar.

Hver yfirflokkur hefur ákveðna ásýnd sem lýsir yfirborðseiginleikum svæðisins, ásýndin bætir við upplýsingarnar og getur sagt nánar til um hvers konar upplifana er að vænta á svæðunum.

Ásýndarflokkarnir eru eftirfarandi:

- | | | |
|-------------------|------------------|--------------------|
| - Skóglendi | - Hálfgróið land | - Strönd með lónum |
| - Skógrækt | - Auðn | - Sandströnd |
| - Landbúnaðarland | - Melhólar | - Grýtt strönd |
| - Votlendi | - Sprungur | - Klettótt strönd |
| - Vel gróið land | - Fjallgarður | - Hamrar |
| - Rýrt land | - Stakt fjall | - Kambur |
| - Rofið land | - Fell | - Höfði |

Með því að skoða samsetningu yfirflokka og ásýndarflokka fæst gott yfirlit yfir landslag og náttúrufer í Norðurþingi, sem nýtist sem góður grunnur í ákvarðanatöku varðandi landnýtingu í dreifbýli sveitarfélagsins.



2.1.2 Flokkun menningarlandslags


Menningin mótar landslag að stórum hluta í Norðurþingi, þéttustu byggðu svæðin í dreifbýli eru Kelduhverfi og Öxarfjörður frá Tjörnesi að Kópaskeri auk Reykjahverfis. Önnur svæði eru mun dreifbýlli, talsvert af jörðum hefur farið í eyði síðustu áratugina og er mestur fjöldi þeirra þar sem þéttbýlustu svæðin eru í dag, því hefur byggð verið enn þéttari þar áður. Þar sem byggð er dreifðari hafa þó hlutfallslega fleiri jarðir farið í eyði en á þéttbýlli svæðum og þar hafa myndast eyður í byggðamynstrinu, svo sem á Melrakkaslétu og á Vestursandi í Kelduhverfi, þau svæði einkennast af eyðibýlum í mismunandi ástandi er segja sögu liðinna tíma. Gamli Fjallahreppurinn sker sig úr þar hafa verið fáar jarðir í marga áratugi og langt á milli þeirra, þessum jörðum hefur enn fækkað síðustu áratugina, þegar hefðbundinn búskapur lagðist af.

2.1.2.1 Landbúnaðarsvæði


Landbúnaðarsvæðin í Norðurþingi hafa mjög ólíkt yfirbragð. Reykjahverfið er í dalalandi þar sem framræsla er og landnýting alls dalsins ber fyrst og fremst merki landbúnaðar. Í Kelduhverfinu ber landið ekki eins sterk merki landbúnaðar, þó þéttleiki býla og ræktaðs lands sé nokkur, fyrst og fremst vegna hins opna lands er gerir það að verkum að margt annað ber fyrir augu en landbúnaðarlandið. Öxarfjörðurinn sunnan Núps er með fjölbreytt landslag þar sem er margbreytileg ásýnd lands, þar á meðal landbúnaður sem fellur vel að landslaginu. Landbúnaðarland í Öxarfirði er að mörgu leyti einstakt fyrir Ísland, þar sem saman fara miklir birkiskógar, fjölbreytni í hæð lands og landbúnaður. Núpasveitin er mun opnari en Öxarfjörðurinn sunnan Núps og þar eru birkiskógarnir ekki fyrir hendi, sem gerir ásýnd landbúnaðarlandsins að sumu leyti líkara því sem gerist í Kelduhverfi. Landbúnaður á Melrakkaslétu norðan Kópaskers er mjög dreifður og því er ásýnd sléttunar sem landbúnaðarlands ólík öðrum svæðum í Norðurþingi. Ásýnd ræktarlands er ekki jafn áberandi af framræslu og víða annarsstaðar á landinu, vegna berggrunns sem víða er mjög lekur á landbúnaðarsvæðum Norðurþings. Það er einna helst í Reykjahverfi og á aurum Jökulsár sem framræsla hefur átt sér stað, en ásýnd ræktarlands á þessum stöðum einkennist talsvert af skurðum. Einnig er nokkur framræsla á Melrakkaslétu í nágrenni við Raufarhöfn og á Hólsfjöllum.

2.1.2.2 Eyðibýggðir


Tvö svæði er hægt að kalla eyðubýggðir, annars vegar Vestursandur í Kelduhverfi og hins vegar norðurströnd Melrakkaslétu. Upplifun svæðanna er að nokkru leyti ólík. Vestursandur er mjög flatlendur á aurum Jökulsár, þar sem skiptist á margs konar gróðurlendi, allt frá votlendum með fjölbreyttu lífríki yfir í lítt gróna sanda út við ströndina. Eyðibýli Melrakkaslétu standa mörg fyrir opnu hafi þar sem nándin við sjóinn og ströndina er það sem helst fangar




Þéttleiki byggðar í dreifbýli Norðurþings



Þéttleiki eyðibýla í Norðurþingi



Byggð og eyðibýli í Norðurþingi



Þéttleiki ræktaðs lands (grænt) og Framræsts lands (brúnt)

hugann. Fyrir utan þetta eru síðan eldri eyðibýli sem víða finnast í Reykjahverfi, Kelduhverfi og með Ormarsá, þar sem eru sýnilegar fornar tóftir og garðar.

2.1.2.3 Fornleifar

Fornleifar setja svip sinn á land víða í sveitarfélaginu, helst þó á heiðum Kelduhverfis þar sem er mikið af fornum eyðibýlum og garðalögum sem hafa varðveist vel og eru einstök á landsvísi. Víða á landbúnaðarsvæðum hafa menjar um forna búskaparhætti horfið þegar land er brotið undir ræktun. Fornleifaskráningu er ekki lokið nema að litlu leiti í fyrrum Öxarfjarðarhreppi, því er erfitt að segja um mikilvægi fornleifar á því svæði..


2.1.3 Sérstök samsetning landslagseininga

Landslagsheildir í Norðurþingi hafa margar sérstöðu sem ekki finnst annars staðar á Íslandi, og þar á ofan bættist við samsetning landslagsheildanna sem er mjög sérstök fyrir Ísland eða jafnvel heiminn. Það sem einkennir samsetningu landslagsheilda í Norðurþingi er hversu mikill breytileiki er á milli aðliggjandi landslagsheilda. Sem dæmi má nefna að í Öxarfirði er nær samfelld birkikjarr í ásalandi og nokkuð þéttbýlu landbúnaðarlandi, þar sem skjól og hlýlegt yfirbragð eru einkennandi. Í norðri er Melrakkaslétta flöt og opin við heimskautsbaug, þar sem víðáttu dreifð byggð og eyðibýli einkenna svæðið. Sunnan við Öxarfjörð eru síðan Hólsfjöll sem eru að mestum hluta blásin auðn, sem er með ásynd gerólíki því sem er í Öxarfirði. Vestan Öxarfjarðarsveitar eru síðan aurar Jökulsár á Fjöllum þar sem komið er inn á svarta sandsléttu í nokkurra mínútna ferðalagi frá gróskulegu landbúnaðarlandi Öxarfjarðar. Vestan Jökulsár sunnan þjóðvegjar eru víðáttumikil tiltölulega flatlend heiðarlönd með austurjaðar að Jökulsárgljúfrum, sem eru ein hrikalegasta náttúrusmíð á Íslandi, þar sem landslag er með allt öðrum brag en á heiðunum.


2.1.4 Margskonar umhverfi og upplifanir

Þó sérstök samsetning landslagheilda sé einkennandi fyrir Norðurþing hefur hver landslagsheild einnig uppá margt að bjóða, jafnvel svæði sem við fyrstu sýn virðast einslett hafa uppá mikið að bjóða.

Melrakkaslétta er sérstök hvað landfræðilega legu varðar, aðeins Hornstrandir liggja jafn norðarlega á Íslandi, en Norðurheimskautsbaugurinn liggur aðeins um 3 kílómetra undan nyrstu nesjum. Þó heildaryfirbragð Sléttunar sé einsleitt eru margir staðir sem skera sig úr og eru einstakir. Þeir helstu eru norðurströnd Sléttunar með lónum sjávarfittjum og miklum fjölbreytileika í fugla og sjávarlífi, vestast rís síðan Rauðínúpur með öll sín litbrigði og fuglabjörg. Sérstakt er að upplifa þetta svæði hvort sem er í miðnætursól um hásumar eða í



Landbúnaðarlandslag í Öxarfirði



Strandsvæði Melrakkasléttu, menning og landslag

suddaveðri þar sem drunginn verður aðlaðandi. Vatnalandið á norðaustur horni Melrakkaslétta er sérstakt, helst er að finna svipuð svæði á Skaga eða uppi á Arnarvatnsheiði, þar sem skiptast á vötn, votlendi og rýrir mólendiskollar, eins og á hinum svæðunum tveimur er veiði ágæt á Sléttunni og hægt er að upplifa frið og ró í viðáttu Melrakkaslétta í samneyti við fjölbreytt fuglalíf svæðisins. Í Leirhafnarfjöllum eru nyrstu birkileifar landsins, vestur af þeim er Snartastaðanúpur með strandlengju sem einkennist af sérkennilegum klettamyndunum og fuglabjörgum. Blikalónsdalur er sigdalur er gengur 20 km inn í Melrakkaslétta, dalurinn er einkonar smáútgáfa af Þingvallalægðinni milli Almannagjár og Hrafnagjár.


Aurar Jökulsár á Fjöllum í Öxarfirði mynda marflata slétta, en þrátt fyrir það er fjölbreytileiki í ásýnd svæðisins ótrúlega mikil og varla fyrirfinnst önnur eins fjölbreytni á aurasvæðum landsins. Þar eru svartir eyðisandar, votlendi, landbúnaðarland, gróskurík mólendi og nýgræður með öflugum víðirunnum. Víkingavatn og Skjálftavatn eru tvö vötn á svæðinu sem eru sérstök á landsvísu, Víkingavatn vegna lífríkis, en Skjálftavatn vegna myndunarsögu sem er of lítið kynnt.

Öxafjarðarsveit er með einn stærsta samfellda birkiskóg landsins, þar mynda ásar með ám og lækjum á milli mynda hlýlegt landslag í bland við landbúnaðarland. Þar upplifa menn grósku og fjölbreytni, en verða ekki eins varir við náttúruöflin og víða annarsstaðar í Norðurþingi.

Jökulsárgljúfur eru einstök náttúrusmið, fyrir utan einstaka landmótun þá er einnig fjölskrúðugt plöntu og dýralíf í gljúfrunum. Í Jökulsárgljúfrum upplifir fólk smæð sína gagnvart náttúruöflunum, en getur samt sem áður einnig upplifað fegurðina í því smáa jafnt sem stóra.

Heiðar Kelduhverfis eru að mörgu leyti einstakar á Íslandi, þær eru á hraunum er runnu eftir að ísöld lauk og mikil gróska einkennir heiðarlöndin þar sem fjalldrapamóar eru ríkjandi, en einnig er birki á nokkrum svæðum. Mikið er af menningarminjum í heiðinni sem eykur gildi hennar til útivistar. Mikið sprungubelti teygir sig upp í Gjástykki austast á svæðinu þar sem mikið er um nýjar sprungur er mynduðust í jarðskjálftunum er fylgdu Mývatnseldum á árunum 1975–1984. Vestarlega á heiðunum er síðan sprungukerfi þeistareykja áberandi. Gjástykki er síðan í framhaldi af heiðunum þar sem nyrsti hluti Mývatnseldahrauns liggur innan Norðurþings, kolsvart og lítt gróið í mikilli andstæðu við mólendið í kring.


Hólsfjöll eru svæði þar sem mikil landhnignun hefur átt sér stað undanfarnar aldir, svæðið er í alfaraleið og þar er hægt að sjá ummerki jarðvegseyðingarinnar og hver áhrif hún hefur haft á búskap á svæðinu. Landið tekur á sig margskonar ásýnd fyrir tilstuðlan rofferlanna; Svartar sandauðnir, vel slípaðar klappir og melhólasvæði sem oft mynda miklar sandöldur með ævintýrlegu yfirbragði. Síðan er að finna gróðurvinjar sem enn halda velli, bæði nokkuð stór mólendi og votlendi. Auðnir Hólsfjalla bjóða uppá upplifanir sem eru andstæður við þær upplifanir sem hægt er að njóta í Öxarfirði, en samt ævintýrlegar, þar sem auðnin yfirgnæfir allt annað. Gróðurvinjarnar bjóða uppá sýnishorn af því hvernig landið hefur líklega litið út



Þéttleiki vatna og votlenda í Norðurþingi

áður, einnig eru þar menjar um eldri tíma þegar búskapur var stundaður af meiri móð á Hólsfjöllum en í dag.

Húsavík og nágrenni er svæði sem er að taka miklum breytingum. Samfara miklum landgræðsluaðgerðum og skógrækt er þetta svæði að taka miklum breytingum gróðurfarslega og það svæði í sveitarfélaginu sem tekur líklega hvað mestum breytingum næstu áratugi hvað varðar ásýnd.



þéttleiki fornminja í Kelduhverfi

2.2 Verndun

Út frá kortlagningu á landslagsheildum og ásýnd lands í Norðurþingi voru tekin út svæði sem þykja hafa verndargildi þessum svæðum má skipta upp í nokkra flokka og geta sum svæði lent í fleiri en einum flokki, flokkarnir eru

- Svæði sem falla undir 37. grein laga um náttúruvernd um sérstaka vernd.
- Svæði með verndargildi vegna bindingar gróðurhúsalofttegunda.
- Svæði með líffræðilegan fjölbreytileika.
- Svæði sem eru sérstök á lands- eða heimsvísu.
- Svæði sem eru sérstök á svæðisvísu.

2.2.1 Svæði undir 37. grein náttúruverndarlaga

Í 37 grein náttúruverndarlaga segir eftirfarandi Eftirtaldar landslagsgerðir njóta sérstakrar verndar og skal forðast röskun þeirra eins og kostur er: Svæði sem falla undir 37. grein náttúruverndarlaga eru eftirfarandi:


- Eldvörp, gervigigar og eldhraun.
- Stöðuvötn og tjarnir, 1.000 fermetrar að stærð eða stærri.
- Mýrar og flóar, 3 hektarar að stærð eða stærri.
- Fossar, hverir og aðrar heitar uppsprettur, svo og hrúður og hrúðurbreiður, 100 fermetrar að stærð eða stærri.
- Sjávarfitjar og leirur.

2.2.2 Svæði með verndargildi vegna bindingar gróðurhúsalofttegunda


Svæði sem falla undir þennan flokk eru fyrst og fremst votlendissvæði í sveitarfélaginu, forðast skal eftir fremsta megni að raska votlendum sem nú eru óröskuð, til að lágmarka losun gróðurhúsalofttegunda í Norðurþingi.

2.2.3 Svæði með líffræðilegan fjölbreytileika


Þetta eru fyrst og fremst svæði eru mikilvæg búsvæði fugla, svo sem Víkingavatn, Aurar Jökulsár á Fjöllum, Jökulsárgljúfur og Melrakkaslétta sem er mikilvægt varpland rjúpnastofnsins.



Svæði er falla undir 37. grein náttúruverndarlaga



Mikilvæg búsvæði




Mikilvæg svæði fyrir bindingu gróðurhúsalofttegunda

2.2.4 Sérstakt á heimsvísu

Nokkur svæði í Norðurþingi eru einstök á heimsvísu, þetta eru svæði sem eru sérstök ýmist fyrir jarðfræðilegra, líffræðilegra eða menningarlegra þátta, eða sambland af einhverju af þessu. Eftirtalin svæði teljast sérstök á heimsvísu í Norðurþingi:

Heiti	Lýsing
Norðurströnd Melrakkasléttu	Nyrsti hluti Melrakkasléttu, lágland strönd með lónum og sjávarfitjum, vötn innaf. Rauðinúpur 70 m hár, eldstöð frá ísöld með sérstökum rauðum klettamyndunum. Mikið fuglalíf, menningar og fornminjar.
Skjálftavatn	Skjálftavatn, einstök tilurð og vel skráð.
Brotabelti Gjástykkis	Sprungusveimur og misgengi er nær frá Gjástykki og norður á aura Jökulsá á Fjöllum, Mjög áberandi í heiðum Kelduhverfis. Mikið af sprungum myndað í Mývatnseldurm 1975-1984
Laxá	Neðsti hluti Laxár bæði í vel grónu landi og á melgresissandflákum út við sjó. Hluti af verndarsvæði Mývatns og Laxár.
Jökulsárgljúfur	Jökulsárgljúfur Ásbyrgi og hamfaraflóðfarvegur ofan Ásbyrgis. Einstök náttúrusmið og mikilvægt búsvæði.




Svæði með verndargildi á heimsvísu

2.2.5 Sérstakt á landsvísu

Nokkur svæði eru talin sérstök fyrir landið í heild og hafa því ákveðið verndargildi. Þetta eru svæði sem eru ýmist sérstök fyrir gróðurfar eða jarðmyndanir. Svæðin eru:

Heiti	Lýsing
Kelduverfi eyðibýli	Ein best varðveitta eyðibýlabyggð í landinu, þar sem jarðvinnsla hefur ekki raskað mynjum.
Víkingavatn	Fjölbreytt fuglalíf og sjaldgæfar fuglategundir
Mývatnseldahraun	Nyrsti hluti kolsvarts, nær gróðurlaus hrauns frá Mývatnseldum 1975-1984.
Öskjureinin gossprunga	Gígaröð er nær frá Dettifossi og út á Melraksléttu, syðri hlutinn mun greinilegri, með gígum, gervígum og misgengjum í fjölbreyttu landslagi.




Svæði með verndargildi á landsvísu

2.2.6 Sérstakt á svæðisvísu

Nokkur svæði eru talin sérstök fyrir Norðausturland og hafa því ákveðið verndargildi. Þetta eru svæði sem eru ýmist sérstök fyrir gróðurfar eða jarðmyndanir. Svæðin eru:

Heiti	Lýsing
Vatnasvæði Sléttu	Vötn og votlendi á stórum hluta Melrakkasléttu, votlendi rík af lífrænum jarðvegi.
Blikalónsdalur	Sigdalur er nær frá norðurströnd Melrakkasléttu og 20 km inn í landið
Leirhafnarfjöll	Lítt gróin móbergshryggur þar sem eru nyrstu skógarleifar á Íslandi.
Snartastaðanúpur strandsvæði	Sérkennilegar klettamyndanir og fuglabjörg vestan í Snartastaðanúpi..
Röndin á Kópaskeri	Jökulmenjar frá framrásarskeiði jökla Kópaskersskeiðinu í lok ísaldar.
Skóglendi Öxarfjarðar og Kelduverfis	Eitt stærsta samfellda birkiskóglendi á Íslandi, nær allt frá Núpi og suður fyrir Hólmatungur, bæði austan og vestan Jökulsár sunnan Ássands.
Bakkahöfði og fjara	Sérstakar klettamyndanir, lífríkar fjörur og sker.




2.3 Skógrækt með tilliti til landslags og náttúru

Hinar mismunandi landslagsheildir í Norðurþingi gera mismunandi kröfur um landnýtingu, og skipulag lands. Þar sem mikil fjölbreytni er í landslagi er auðveldara að fella mannvirki eða framkvæmdir að landslaginu, en oft þarf að vanda sig meira þegar um er að ræða flatlent land með einsleitum landformum.


Skógræktarskilyrði ráða miklu um það hvar raunhæft er að gera ráð fyrir skógrækt í Norðurþingi, auk þess henta ekki allar landslagsheildir jafnvel til skógræktar.

Dæmi um stefnumið sem unnt er að setja fram um skógrækt:

- Öll áform um skógrækt skulu tilkynnt skipulagsnefnd Norðurþings sem veitir umsögn um hvort þau séu í samræmi við stefnu aðalskipulags um landnotkun, landslag og verndun.
- Við hönnun skógræktarsvæða skal kappkosta að þau falli eins vel að landi og unnt er.
- Skógrækt skal ekki fara fram á viðkvæmum svæðum.
- Skógrækt skal ekki hindra aðgengi almennings að göngu- og reiðleiðum sem skilgreindar eru í aðalskipulagi Norðurþings.
- Skógrækt á að bæta á landgæði.
- Lögum skógræktarsvæða verði í samræmi við landlínur og önnur ríkjandi form í umhverfinu.
- Skógræktarsvæði séu teygð upp eftir lægðum og giljum en dregin niður fyrir ása og hryggi eða leitast sé við að skapa líkt mynstur og náttúruleg gróðurþekja landsins.
- Forðast sé einsleitni og mikla andstöðu við opið landslag með því að milda skil við skógarjaðra með notkun á lágvaxnari tegundum og óreglulegri gróðursetningu þar sem mismunandi trjátegundir eru láttnar skarast og blandast.
- Stærð skógarteiga sé í eðlilegu samræmi við umhverfið. Ágæt regla er að skiptingin sé 1/3 eða 2/3. Hlið sem er skógivaxin að 2/3 hlutum en að þriðjungi beitoland, eða öfugt virkar í eðlilegum hlutföllum og er þægilegri ásýndar en væri skipt til
- Forðast skal að plantað sé út í beinum línum þvert á hæðarlínur.
- Sérstakar áherslur verði í skógrækt á opnum svæðum, svo sem Melrakkaslétu, aurum Jökulsár, og heiðum Kelduhverfis.
- Ekki sé plantað skógi of nærri fornminjum, þannig að ekki sé hætta á raski þeirra.
- Tegundaval miði að því að mismunandi tegundir geti vaxið saman og myndað samstæða heild.



Náttúrulegir birkiskógar og kjarr við Ásbyrgi og nýskógrækt á Ássandi



Útlínur skógarins þurfa að flæða niður ávalar hliðarnar og yta þannig undir einkennandi form

Spurningar til úrvinnslu:

- Hvaða áherslur á svæðum erandi skógrækt? Á hvaða takmarka hana á tilteknum svæðum? Hvar og hvernig?

2.4 Landgræðsla m.t.t. landslags og náttúrufars

Í vinnslu -


2.5 Frístundabyggð

Það sama á við um frístundabyggð og skógrækt, ekki henta öll svæði jafn vel til uppbyggingar frístundabyggðasvæða. Flatlend opin svæði gera meiri kröfur um vonduð vinnubrögð við staðsetningu frístundabyggðar. Almenn viðmið fyrir frístundabyggð gætu verið:

- Staðsetning húsa falli vel að landslagi og byggingar beri ekki við himin.
- Frístundabyggð skeri ekki sjónlínur að/frá svæðum með sérstakt gildi.
- Tryggja skal að frístundabyggð gangi ekki á náttúrulega birkiskóga í sveitarfélaginu.
- Leitast skal við að staðsetja frístundabyggð, þannig að hún raski ekki upplifun göngu- og reiðmanna.
- Frístundabyggð raski ekki fornminjum eftir því sem kostur er.

Spurningar til úrvinnslu:

- *Hvaða áherslur á að leggja varðandi frístundabyggð? Á að takmarka hana á tilteknum svæðum? Hvar og hvernig?*



Þéttleiki frístundabyggðar í Norðurþingi